

Starfsreglur fyrir sveitarfélög sem reka sérskóla og sérúrræði við grunnskóla

Sérskóli og sérúrræði

Í 42. gr. laga um grunnskóla segir:

„Sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.“

Eins og fram kemur í lagagreininni þá verður ekki stofnað til sérskóla eða sérúrræða innan grunnskóla nema fyrir atbeina/að frumkvæði sveitarfélaga sem ber þá að setja sérskólum og sérúrræðum starfsreglur í samræmi við meðfylgjandi viðmið.

Skilgreiningar úr 2. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir nr. 585/2010

Með skóla án aðgreiningar er átt við grunnskóla í heimabyggð eða nærumhverfi nemenda þar sem komið er til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda í almennu skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.

Nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Með sérúrræði er átt við skólavist sem kallar á málsmeðferð skv. V. og VI. kafla, þ.e. í sérdeildum sem reknar eru innan tiltekinna grunnskóla, skólavist í **sérskóla** þar sem slíkt úrræði er til staðar og sjúkrakennslu. Almennur stuðningur við nemendur í kennslustundum telst ekki til sérúrræða í þessum skilningi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf 22. janúar 2015 út reglugerð nr. 148/2015 um breytingu á reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, þar sem kveðið er á um að ráðuneytið skuli að höfðu samráði við Sambandi íslenskra sveitarfélaga útbúa viðmið um gerð starfsreglna fyrir sveitarfélög sem reka sérskóla og sérúrræði við grunnskóla.

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=66d600e3-76a5-4932-8577-c3ed5728b726>

Viðmið um gerð starfsreglna fyrir sveitarfélög sem reka sérskóla og sérúrræði við grunnskóla

Efni starfsreglna:

a. Heiti sérskóla/sérúrræðis

- ✓ skilgreining þjónustusvæðis skv. ákvörðun sveitarfélaga, 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

b. Markmið og hlutverk

- ✓ hvaða nemendum sérskólinn/sérúrræðið sinnir, skv. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008
- ✓ með hvaða hætti aðalnámskrá grunnskóla er aðlöguð þörfum nemenda, skv. 29. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008
- ✓ móttökuáætlun fyrir nemendur í skólanum, skv. 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 9. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010
- ✓ skipulag sérstaks stuðnings og gerð einstaklingsnámskrár, skv. 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 585/2010
- ✓ fyrirkomulag sérfræðiþjónustu og stuðnings sveitarfélaga, skv. 4. gr. reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010
- ✓ gerð tilfærsluáætlana fyrir nemendur sem hefst í 9. bekk grunnskóla, skv. 17. gr. reglugerðar nr. 585/2010
- ✓ reglur um innritun og útskrift nemenda, skv. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010

c. Stjórnun

- ✓ fyrirkomulag stjórnunar í sérskóla/sérúrræði, skv. 7. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008
- ✓ starfsreglur skólans um skráningu gagna í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000 og reglugerð um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín nr. 897/2009

d. Starfsfólk

- ✓ starfslýsingar starfsmanna/starfsheiti, menntun þeirra, sérhæfing og hlutverk, skv. 2. og 8. gr. reglugerðar nr. 585/2010

e. Nemendur

- ✓ réttur nemenda til að tjá sig og hvernig tekið er tillit til sjónarmiða þeirra eftir því sem aðstæður leyfa, skv. 4. og 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, 13. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og 7. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
- ✓ réttur nemenda til menntunar og viðeigandi tjáningarmáta, skv. 24. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

f. Foreldrar

- ✓ foreldrar geta sótt um skólavist fyrir barn sitt í sérúrræði eða sérskóla, skv. 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 13. og 19. gr. reglugerðar nr. 585/2010
- ✓ fyrirkomulag á samstarfi við foreldra, skv. 9., 11., 16. og 17. gr. reglugerðar nr. 585/2010
- ✓ fyrirkomulag á upplýsingagjöf til foreldra, skv. 19., 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 585/2010
- ✓ upplýsingar til foreldra um kærueimild ef nemandi er synjað um skólavist í sérskóla/sérúrræði, skv. 17. gr. og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21. og 22. gr. reglugerðar nr. 585/2010

g. Námsumhverfi

- ✓ aðlögun námsumhverfis, skólahúsnæðis, skólalóðar og búnaðar að nemendahópi skólans, skv. 3. og 4. gr. reglugerðar nr. 585/2010

h. Rekstur

- ✓ fjármagn til rekstur skólans, skv. 5. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 18. gr. reglugerðar nr. 585/2010
- ✓ skipulag á þjónustu vegna lengdrar viðveru nemenda, (fristundaheimila) skv. 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 15. gr. reglugerðar nr. 585/2010
- ✓ fyrirkomulag skólaaksturs skv. 3. og 4. gr. reglna um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009

i. Ráðgjöf og kennslufræðileg þjónusta

- ✓ fyrirkomulag á ráðgjöf og stuðningi við starfsfólk almennra grunnskóla, lýsing á fyrirkomulagi þjónustunnar, skv. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 16. gr. reglugerðar nr. 585/2010

Yfirlit yfir lög og reglugerðir sem tengjast viðmiðum um gerð starfsreglna fyrir sveitarfélög sem reka sérskóla og sérúrræði við grunnskóla

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 og með síðari breytingum.

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/585-2010>

<http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=66d600e3-76a5-4932-8577-c3ed5728b726>

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 584/2010.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

Reglugerð um miðlun og meðferð upplýsinga um nemendur í grunnskólum og rétt foreldra til aðgangs að upplýsingum um börn sín, nr. 897/2009.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=07ae16ca-cead-4338-9738-5e8705492543>

Reglur um skólaakstur í grunnskóla, nr. 656/2009.

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=23517ace-64ca-4837-ab09-9a44416efca8>

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

<http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Undirritaður af hálfu Íslands 2007 og er í fullgildingarferli hér á landi.

<http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>

Lög um menntun og ráðningu og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html>

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

<http://www.althingi.is/lagas/137/2000077.html>

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992059.html>

Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>

Upplýsingalög nr. 140/2012.

<http://www.althingi.is/lagas/141b/2012140.html>